

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vinasjóð Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinasjóður Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Heimili og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Stofnendur eru starfsmenn Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framförum og rannsóknum í heilsugæslu við Heilsugæslustöðina á Akureyri, einkum á sviði heilsuverndar aldraðra.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri Heilsugæslustöðvarinnar, svo og einn skipaður af stjórn stofnunarinnar, og er hann formaður. Skipunartími formanns er hinn sami og kjörtímabil viðkomandi stjórnar. Sjóðurinn skal vera í vörslu stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000, lagt fram af starfsmönnum Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Stofnfé má ekki skerða.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir, arður af eignum hans og frjáls framlög.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður á hvern hátt hann skuli ávaxtaður og hvernig fé hans skuli varið í samræmi við 3. gr.

8. gr.

Sjóðstjórn skal halda fundargerðabók um ákvarðanir sínar og um hvað eina er varðar rekstur sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Þau skulu gerð af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. mars 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

16. mars 1998

Nr. 182

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi heimasvæðis Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum, Ölfushreppi.

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi heimasvæðis Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum, Ölfushreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Svæðið sem um ræðir afmarkast að húsagötu í norðri, lóðinni Brúarhvammi í vestri, Varmá í suðri og röð grenitryja við lóðarmörk Breiðahvamms í austri.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps, Þorlákshöfn, 16. mars 1998.

Sigurður Jónsson.

16. mars 1998

Nr. 183

AUGLÝSING

um deiliskipulag Ölfusborga, Ölfushreppi.

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag Ölfusborga, Ölfushreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps, Þorlákshöfn, 16. mars 1998.

Sigurður Jónsson.